

D ó m s o r ð:

Ákærði, Egill Hinriksson Hansen, greiði 8.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi 8 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., krónur 10.000.

Þriðjudaginn 17. desember 1985.

Nr. 20/1984. **Elva Björg Georgsdóttir og**

Sigurþóra Stefánsdóttir

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Tómasi Marteinsyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Myndbönd. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur, sem skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1984, gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Upplýst er, að verulegur hluti af þeim 240 myndbandaspólum, er stefndi seldi áfrýjendum með kaupsamningi 1. apríl 1982, hafi verið eftirtökur, en ekki frumgerðir. Samkvæmt 1. gr. 2. mgr. höfundalaga nr. 73/1972 njóta kvikmyndir verndar að höfundarétti,

og samkvæmt 3. gr. sömu laga hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og birta það. Stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi haft heimild frá eigendum höfundaréttar að frumgerðum kvikmyndanna til að ráðstafa myndbandaspólunum með þeim hætti og í því skyni er hann gerði. Að svo vöxnu máli ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu frá héraðsdómi ex officio. Rétt er, eins og hér stendur á, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi ex officio.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 16. nóvember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 10.11. sl. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest þann 27.4. 1983.

Stefnandi er Tómas Marteinsson, nnr. 8898-5362, Hátúni 35, Keflavík.

Stefndu eru Sigurþóra Stefánsdóttir, nnr. 8086-7808, Drangavöllum 8, Keflavík, og Elva Björk Georgsdóttir, nnr. 1916-9871, Hjallavegi 1, Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 229.394,00 með 42% ársvöxtum frá 21.3. 1983 til greiðsludags gegn afhendingu 240 myndbandaspólna samkvæmt 7. tl. kaupsamnings, dags. 1.4. 1982.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af stefnukröfum, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málsástæður og lagarök.

Þann 1.4. 1982 undirrituðu aðiljar máls þessa kaupsamning um kaup stefndu á myndbandaleigunni „Video-King,“ sem var í eign stefnanda. Samkvæmt kaupsamningi seldi stefnandi allar myndbandaspólur firmans, hvort sem þær voru í húsnæði fyrirtækisins Hafnargötu 31, Keflavík, í út-leigu eða láni, samtals um 1.050 spólur. Í 7. lið samningsins er gert sérstakt

samkomulag um 240 myndbandaspólur, sem voru á þessum tíma í vörslum Þórodds Stefánssonar í Reykjavík. Í þessari grein segir m.a.: „seljandi lofar að gera allt sem unnt er til að afhenda spólur þessar og skal það gert í síðasta lagi 31. desember 1982. Til tryggingar því afhendir seljandi víxil fyrir andvirði þeirra kr. 127.200,-. Víxillinn verður samþykktur af seljanda og útgefinn af Marteini Jónssyni. Hann verði með gjalddaga 1. janúar 1983. Kaupendum er heimilt að krefjast greiðslu á víxlinum ef spólurnar verði ekki afhentar fyrir umsaminn tíma.“

Stefnandi gaf síðan út umsaminn víxil, og nam víxilfjárhæðin kr. 157.728,00, þ.e. kr. 127.000,00, auk kr. 30.528,00 (sic), sem voru vextir samkvæmt 8. gr. kaupsamningsins. Í stefnu segir svo um framvindu máls þessa: Í lok nóvember 1982 fékk stefnandi myndbandaspólurnar í hendur og kom þeim boðum til stefndu, að spólurnar væru komnar. Kom Óskar Þórmundsson, eiginmaður stefndu Elvu Bjarkar Georgsdóttur, og skoðaði spólurnar, kvaðst hafa gleymt víxlinum, en viðurkenndi myndbandaspólurnar sem þær réttu. Kvaðst hann ætla að koma síðan með víxlinn og sækja spólurnar. Er Óskar kom aftur um miðjan desember, neitar hann afhendingu á víxlinum og kveður Jón G. Briem hdl., eiginmann meðstefndu Sigurbóru Stefánsdóttur, vilja fá lista yfir spólurnar. Kveðst stefnandi hafa gert það og látið Óskar vita og Óskar ætlað að koma og ganga frá þessu. Víxillinn hafi hins vegar verið framseldur og stefnandi krafinn um greiðslu hans. Greiddi stefnandi innheimtumanni víxilisins kr. 229.374,00 þann 21. mars 1983 með peningum og víxlum, þar sem gert hafi verið fjárnám fyrir víxilfjárhæðinni ásamt kostnaði.

Stefnandi gerir kröfu um skaðabætur, þ.e. að stefndu greiði honum það tjón, sem hann hafi orðið fyrir með því að verða fyrir viðtökudrætti af hálfu kaupenda, er þeir hafi neitað að taka við 240 myndbandaspólum, en innheimt í stað þess tryggingarvíxil. Nemur tjón hans samtals kr. 229.374,00, sem er stefnufjárhæð máls þessa. Byggir stefnandi kröfur sínar um viðtökudrátt á 28. gr., sbr. 21. og 33. gr. laga nr. 39/1922 og 30. gr., sbr. 24. gr. sömu laga um bætur. Þá bendir stefnandi jafnframt á 9. og 14. gr. laga nr. 39/1922 um almennar meginreglur um skaðabætur og kaup.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi haft samband við Óskar Þórmundsson, þáverandi framkvæmdastjóra Video King s.f., snemma í desember 1982, hafi stefnandi tjáð Óskari, að ekki yrði hægt að skila umræddum 240 myndbandaspólum, en boðist til þess að afhenda aðrar spólur í staðinn, en því hafi verið hafnað. Hafði Óskari verið sýndar fjölmargar spólur, þ.á m. margar sem voru merktar „Myndbandaleigunni 44“. Óskar hafi farið fram á að útbúinn yrði listi yfir þær 240 spólur, er hafi verið hluti kaupsamningsins, og hann staðfestur af Þóroddi Stefánsyni. Engin slík staðfesting hafi borist. Þann 11. febrúar hafi verið gefin

út stefna fyrir tryggingarvæðingum, enda hafi þá engin þeirra 240 spólna, er um getur, verið afhent. Stefndu byggja mál sitt á því, að um afhendingardrátt hafi verið að ræða hjá stefnanda og því samkvæmt beinu ákvæði í kaupsamningi aðilja heimilt að krefjast greiðslu á umræddum vixli þann 1. janúar 1983. Lagarök fyrir sýknukröfu séu því í raun 7. gr. samningsins, en jafnframt megi benda á 1. gr. laga nr. 32/1922 (sic) um lausafjárkaup, er til athugunar komi um þau atriði, er ekki hafi verið samið berum orðum um annað. Í greinargerð gera stefndu þá varakröfu, að stefnufjárhæðin lækki, þar sem að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni á kr. 40.000,00 þar sem að mismunur kröfunnar hafi verið greiddur í víxlum. Samkvæmt dómskjali nr. 12 greiddi stefnandi víxla þessa á fyrirfram ákveðnum gjalddögum, og er því ekki mótmælt af hálfu stefndu. Við munnlegan málflutning benti lögmaður stefndu á, að kröfur stefnanda væru ekki í samræmi við þær lagagreinar, er hann byggir málatilbúnað sinn á.

Álit dómsins.

Samkvæmt kaupsamningi milli aðilja frá 1.4. 1982 skyldi seljandi afhenda stefndu fyrir árslok 1982 240 myndbandaspólur, er þá voru í vörslum þriðja manns, Þórodds Stefánssonar. Myndbönd þessi voru hluti myndasafns fyrirtækis stefnanda, er stefndu keyptu með kaupsamningi þessum. Stefndu skoðuðu ekki umrædd myndbönd né byggðu kaupin á upplýsingum um ákveðið myndefni á böndunum. Það hefur verið upplýst hér fyrir réttinum, að umrædd myndbönd þessi hafi öll verið eftirtökur (kóperingar).

Það telst sannað, að stefnandi bauð Óskari Þórmundssyni, framkvæmdastjóra myndbandaleigu stefndu, fyrir árslok 1982 myndbandaspólur, sem hann fullyrðir, að hafi verið þau 240 myndbönd, er hann átti að afhenda samkvæmt kaupsamningi. Þá krafði hann Óskar Þórmundsson um tryggingarvæðingunni þann, er stefnandi hafði samþykkt vegna kaupanna. Vitnið Þóroddur Stefánsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni lista á dómskjali nr. 9, þar sem fram kemur, að umrædd myndbönd hafi verið þau, er hann hafði frá fyrirtæki stefnanda. Óskar Þórmundsson kom á skrifstofu stefnanda til að líta á myndböndin. Ekki gerði hann athugasemd um afhendingarstað. Hins vegar neitaði hann móttöku á böndunum við lauslega athugun að eigin sögn, þar sem hann taldi sig sjá nokkur myndbönd, er merkt væru annarri myndbandaleigu eða „Video 44“. Vitnið Björgvin Arnar Björgvinsson, sem skoðaði myndböndin á þessum tíma, hefur full- yrt, að þarna hafi verið „upp til hópa þau myndbönd er stefnandi hafði verslað með.“ Hins vegar geti það verið rétt, að inn á milli hafi þar verið nokkur bönd merkt „Video 44“. Vitnum ber saman um, að þessar spólur frá Video 44 hafi verið frumeintök og dýrari en myndbönd stefnanda. Því

hefur ekki verið mótmælt, að tala myndbandanna, er stefnandi bauð fram, hafi verið rétt, eða 240 myndbönd.

Þykir mega leiða að því líkur með tilliti til framburðar vitna, að meðal þeirra myndbanda, er stefnandi átti að afhenda stefndu, hafi verið nokkur merkt umræddri videoleigu, þ.e. Video 44. Það er hins vegar álit dómsins, að stefndu hafi ekki tekist að sanna, að þessi greiðsla stefnanda hafi verið haldin þeim göllum, að heimilt hafi verið að hafna henni í heild sinni. Er þá á því byggt, að hér hafi verið um aðgreinanlega söluhluti að ræða og úrræði kaupalaga því átt við um þau myndbandanna, er stefnandi taldi ekki fullnægja samningsskyldunni. Stefndu var því óheimilt að hafna mót-töku á myndböndunum og krefja í stað þess stefndanda um greiðslu víxils, er hann hafði samþykkt til tryggingar efndum á samningnum.

Samkvæmt málsskjölum hefur stefnandi greitt víxilinn að fullu ásamt vöxtum og kostnaði þeim, er af innheimtu hans leiddi, samtals kr. 229.374,00, sem er stefnufjárhæðin. Ber stefndu að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 42% ársvöxtum frá 23.1. 1983 til 21.9. 1983, en þá með 35% ársvöxtum til 21.10. s.á., en þá með 32% ársvöxtum til greiðsludags gegn afhendingu á umræddum 240 myndböndum. Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst hæfilegur kr. 30.000,00.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurbóra Stefánsdóttir og Elva Björg Georgsdóttir, greiði in solidum kr. 229.374,00 ásamt 42% ársvöxtum frá 21.3. 1983 til 21.9. s.á., en þá með 35% ársvöxtum til 21.10. s.á., en þá með 32% ársvöxtum til greiðsludags gegn afhendingu á 240 myndbandaspólum.

Stefndu greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað. Stefndu greiði fjárhæðir þessar innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.